



Nr. 3/2020
14. janúar 2020

Gjaldeyrismarkaður, gengisþróun og gjaldeyrisforði árið 2019

Gengi krónunnar lækkaði um 3,1% á árinu 2019 og heildarvelta á millibankamarkaði með gjaldeyri var svipuð og á árinu 2018. Seðlabankinn átti í gjaldeyrisviðskiptum á árinu með það að markmiði að annars vegar draga úr óhóflegu skammtímaflökti á gengi krónunnar og hins vegar að koma í veg fyrir að útfærði í tengslum við losun síðasta hluta aflandskrónueigna hefði áhrif á gengið. Á árinu nam hrein gjaldeyrissala Seðlabankans 9,5 ma.kr. Flökt á gengi krónunnar var minna en það var árið á undan. Mikilvægar breytingar voru gerðar á lögum um aflandskrónur og bindingarhlutfall á nýtt fjármagnsinnstreymi var lækkað úr 20% í 0%. Gjaldyrisforði nam 822 ma.kr. í árslok og nam 28% af vergri landsframleiðslu.

Gengi krónunnar var tiltölulega stöðugt á árinu 2019. Það lækkaði um 3,1% frá upphafi til loka ársins. Gagnvart evru lækkaði gengið um 1,9% en um 3,9% gagnvart Bandaríkjadal. Gengi krónunnar var hæst í upphafi árs en lægst í júlí. Munur á hæsta og lægsta gildi skráðrar gengisvísitölu á árinu var 7,2%. Mesta breyting á gengi krónunnar var í júlí þegar það hækkaði um 4,7% en minnst í febrúar þegar það lækkaði um 0,6%.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins lækkaði gengi krónunnar um 4,3% sem mátti meðal annars rekja til þess að óvissa hafði ríkt um afdrif flugfélagsins WOW Air en starfsemi þess var hætt í lok mars. Lækkunin var lítil í samanburði við haustmánuði árið á undan og virðist sem áhrif gjaldþrots félagsins hafi þegar verið verðlögð að einhverju leyti inn í gengi krónunnar. Í byrjun mars gekk í gildi breyting á lögum nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og breytingar voru gerðar á reglum um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.¹ Tilkynnt hafði verið um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru

¹ <https://www.seðlabanki.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2019/03/04/Losun-fjarmagnshafta-a-aflandskronueigendur-og-laekkun-serstakrar-bindiskyldu-a-fjarmagnsinnstreymi/>

sérstökum takmörkunum hinn 7. desember 2018.² Lagabreytingin fól í sér losun fjármagnshafta á aflandskrónueigendur og fjármagnshöft sem innleidd voru í nóvember 2008 því nánast alveg losuð. Breytingin á reglum um bindingu reiðufjár kvað á um lækkun bindingarhlutfalls á nýtt fjármagnsinnstreymi í skuldabréf og hávaxtainnstæður úr 20% í 0%. Það var gert þar sem líkur höfðu minnkað mikið á umtalsverðu innflæði sem leitt gæti til ofriss krónunnar og alvarlegrar truflunar í miðlunarferli peningastefnunnar þar sem vaxtamunur hefði minnkað og fjármagnsstraumar til og frá landinu voru í betra jafnvægi en þegar bindiskyldan var sett á. Lífeyrissjóðir voru umfangsmiklir gjaldeyriskaupendur líkt og á fyrra ári.³

Í janúar seldi Seðlabankinn gjaldeyri fjóra viðskiptadaga í röð í því skyni að veða á móti snarpri lækkun gengis krónunnar. Í mars, maí og júní seldi bankinn gjaldeyri bæði vegna útflæðis aflandskróna og til að koma í veg fyrir óhóflegt skammtímaflökt af öðrum ástæðum. Á fyrri helmingi ársins seldi Seðlabankinn gjaldeyri samtals fyrir 11,9 ma.kr. Á síðari helmingi ársins keypti Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 2,4 ma.kr. Gjalddeyriskaupin áttu sér stað tvo viðskiptadaga í júlí og september. Samtals átti Seðlabankinn gjalddeyriskiðskipti 12 daga á árinu.

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri nam 188,3 ma.kr. (1.376 m.evra) árið 2019 sem er svipað og árið 2018. Velta Seðlabankans á millibankamarkaði nam 14,4 ma.kr. (105 m.evra) samanborið við 3,7 ma.kr. (27 m.evra) 2018. Seðlabankinn seldi á árinu gjaldeyri fyrir 11,9 ma.kr. (87 m.evra) en keypti gjaldeyri fyrir 2,4 ma.kr. (18 m.evra).

Gjalddeyriskiðforði Seðlabankans jókst í krónum talið um 86 ma.kr. á árinu 2019 og nam í árslok 822 ma.kr. Mælt í Bandaríkjadölum jókst hann um 0,5 ma. og nam 6,8 ma. Bandaríkjadala í árslok. Þá svaraði hann til 28% af vergri landsframleiðslu, 42% af peningamagni og sparifé (M3) og dugði fyrir innflutningi vöru og þjónustu í 9 mánuði. Ríkissjóður Íslands gaf út skuldabréf að fjárhæð 500 m.evra í júní s.l. og keypti til baka útistandandi bréf að nafnvirði um 60 m.evra. Heildaráhrif þessa á forða voru um 62 ma.kr. til hækkunar.

² <https://www.sedlabanki.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2018/12/07/Frumvarp-um-breytingu-a-logum-losun-fjarmagnshafta-a-aflandskronueigendur-og-bindingarskylda-a-fjarmagnsinnstreymi/>

³ Sjá nánar umfjöllun í *Fjármálastöðugleika* 2019-1: https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Fjarmalastodugleiki/FS/2019/Fjarmalastodugleiki2019_1.pdf

Seðlabankinn seldi gjaldeyri á millibankamarkaði að andvirði 9,5 ma.kr. og vaxtagreiðslur af erlendum lánnum ríkissjóðs námu 2,0 ma.kr. Önnur gjaldeyrisviðskipti námu 8,6 ma.kr. Gengisbreytingar leiddu til 28 ma.kr. aukningar forðans í krónum og ávöxtun forða jók hann um 14 ma.kr. Í lok árs 2019 nam gjaldeyrisforðinn að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli 611 ma.kr. Til samanburðar var forðinn þannig mældur 591 ma.kr. í lok árs 2018.

Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans, þ.e. mismunur eigna og skulda bankans í erlendum gjaldmiðlum, nam 646 ma.kr. í lok ársins 2019 samanborið við 627 ma.kr. í lok árs 2018.

Tafla 1. Gjaldyrismarkaður, gengi og gjaldeyrisforði

		2017	2018	2019
Gengi krónunnar (-veiking /+styrking)	%	-0,7%	-6,4%	-3,1%
Gengisflökt*	%	12,8%	8,4%	7,1%
Velta á gjaldyrismarkaði	ma.kr.	407	187	188
þar af hlutdeild SÍ	%	20,4%	2,0%	7,6%
Kaup Seðlabankans á gjaldyrismarkaði	ma.kr.	76,7	0,4	2,4
Sala Seðlabankans á gjaldyrismarkaði	ma.kr.	6,4	3,3	11,9
Hrein gjaldyriskaup SÍ	ma.kr.	70,3	-2,9	-9,5
Gjaldeyrisforði í Bandaríkjadöllum	m.USD	6.571	6.328	6.787
Gjaldeyrisforði í ma.kr.	ma.kr.	686	736	822
Gjaldeyrisforði fjármagnaður innanlands**	ma.kr.	587	591	611
Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabanka ***	ma.kr.	587	627	646
Gjaldeyrisforði sem hlutfall af VLF****	%	26%	26%	28%
Gjaldeyrisforði, mánuðir í innflutningi*****		8	8	9

*Staðalfrávik daglegra gengisbreytinga á ársgrundvelli.

**Gjaldeyrisforði að frádregnum skuldum Seðlabankans og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðli.


***Mismunur eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

****Byggt á spá Seðlabanka Íslands um VLF fyrir árið 2019

*****Fimm ára meðaltal.

Mynd 1

Gengi íslensku krónunnar 2019




Vísitala meðalgengis, viðskiptavog þröng. Hækkun gengisvísitölunnar á myndinni sýnir veikingu krónunnar en lækkun vísitölunnar styrkingu.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 2


Gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á millibankamarkaði 2018-2019



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd 3

Skammtíma gengissveiflur 2019



Heimild: Seðlabanki Íslands.